

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Hafnarfirði, 08.07.2024
Máls nr. 0728/2024

Efni: Móttaka úrgangsþáttu í Örfirisey

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 7. júní sl. (máls nr. 0728/2024), þar sem óskað er umsagnar Hafrannsóknastofnunar um hvort aukið umfang olíuhreinsunar sem framkvæmd er í olíubirgðastöðinni Örfirisey í Reykjavík skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hafrannsóknastofnun bendir á að í ljósu umfangs mengandi starfsemi á svæðinu sé mikilvægt að tryggja að ýtrrustu varúðar sé gætt við framkvæmd olíuhreinsunar og annarrar tengdrar starfsemi á svæðinu. Hér er um að ræða óbreyttan búnað og hreinsun á úrgangsþáttu, en breytingin í framkvæmdinni felst í því að magn úrgangsþáttu sem tekið er á móti og hreinsað er aukið úr 6000 tonnum á ári í 9000 tonn. Telur stofnunin að líta þurfi sérstaklega til álits Umhverfisstofnunnar í þessu máli enda hafi sú stofnun eftirlitshlutverki að gegna gagnvart framkvæmdaaðilum en hún hefur eftirlit með framkvæmd laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókna- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,

Hrönn Egilsdóttir
Sviðsstjóri umhverfisstofnunar



Reykjavík 8.7.2024

2024070076

**Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 0728/2024 í skipulagsgátt,
Móttaka úrgangsolíu í Örfirisey. Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til
ákvörðunar um matsskyldu)**

Vísað er til máls nr. 0728/2024 í skipulagsgátt, Móttaka úrgangsolíu í Örfirisey. Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu). Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

Skv. tilkynningu Olíudreifingar til Skipulagsstofnunar er fyrirhugað að auka móttöku á úrgangsolíu til meðhöndlunar úr um 6000 tonnum í 9000 tonn sem er um helningsaukning. Fram kemur að öll aðstaða og mengunarvarnarbúnaðurséu óbreytt og að UST hafi ekki gert athugasemdir við starfsemina við reglubundið eftirlit. Meðfylgjandi tilkynningunni er skýrsla um vinnsluna en einnig öryggisskýrsla fyrir olíubirgðastöðvarnar í Örfirisey frá 2011.

HER gerir athugasemdir við að ekki sé tilgreint í gögnum hver stærð mengunarvarnarbúnaðars.s.s. olíuskilja og lekaþróa er svo unnt sé að meta hvort búnaður ráði við aukin afköst. Á undanförnum árum hefur umtalsvert magn olíu verið að berast inn í dælustöð Veitna við Fiskislóð og hefur HER í samstarfi við Veitur reynt að rekja uppruna mengunarinnar. Ekki hefur verið hægt að staðfesta upprunann með óyggjandi hætti en olíusmit fannst við eftirlit í brunnum nálægt olíubirgðastöðinni. Í ljósi þess magns sem þangað berst er líklegt að a.m.k. hluti olíunnar komi frá þessu svæði. Lagnakerfi í Örfirisey er að hluta ókortlagt auk þess sem ýmsar áskoranir eru fyrir hendi þar sem sjór virðist flæða inn í kerfið á einhverjum stöðum og lagnir eru mögulega lekar. HER telur því að fara þurfi yfir mengunarvarnarbúnað frá móttökustöð fyrir úrgangsolíu, kanna hvort hann anni álagi á starfseminni, skoða lagnakerfi og leggja svo fram niðurstöður svo unnt sé að meta hvort aukin starfsemi geti mögulega orsakað mengun eða álag á viðtaka og veitukerfi.

Þá vill HER benda á að öryggisskýrsla frá 2011 þarfnaða uppfærslu. Þegar kemur að viðmiðum vegna mögulegra sjávarflóða sem áhrif gætu haft á starfsemi stöðvarinnar hafa orðið umtalsverðar breytingar á síðustu 14 árum. Skv. skýrslum Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar hefur hraði hækkanar á sjávarstöðu nær tvöfaldast frá árinu 2011 og farið fram úr þeim spám sem miðað var við áður. Meta þarf

flóðahættu og þar með mengunarhættu á svæði olíubirgðastöðvarinnar í Örfirisey m.t.t. nýjustu upplýsinga. Auknir öfgar í veðurfari og meiri úrkomuákefð hafa einnig hér áhrif,



skoða þarf hvort frekari búnað þarf til að tryggja að flóð geti ekki haft áhrif á lekaþrær og olíuskiljur.

Skoða þarf áhættuna líka út frá lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011, meta þarf hver áhrif gætu verið á vatnshlotið ef óhapp verður. HER telur einnig vert að benda á að mikil uppbygging hefur átt sér stað í Örfirisey á síðasta áratug og sækir almenningur því svæðið í ríkara mæli og dvelur mun lengur þar sem starfsemi s.s. veitingastaðir eru opnir fram á kvöld. Uppfæra þyrfti áhættumat með hliðsjón að þessum breyttu aðstæðum. Þá vill HER loks benda á að ýmsar breytingar hafa orðið á laga og reglugerða umhverfi síðan öryggisskýrsla kom út árið 2011. Skoða þarf einnig hvort uppfæra þurfi öryggisskýrslu í tengslum við það.

Niðurstaða HER er í ljósi ofangreinds að betri, uppfærðar upplýsingar þurfi til að unnt sé að svara fyrirspurn um matsskyldu með óyggjandi hætti.

Virðingarfallst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Sauðárkrókur 08.07.2024
Tilvísun: 202407323

**Málefni: Móttaka úrgangsolíu í Örfirisey-Ákvörðun um matsskyldu vegna máls nr.
0728/2024**

Brunavarnasviði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar barst umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun varðandi umhverfismatsskýrslu framkvæmda sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Umsögn er gefin í samræmi við 23. gr. laga nr. 111/2021.

Brunavarnasvið HMS bendir á nauðsyn þess að ákvæðum reglugerðar nr. 1050/2017 sé fylgt eftir er varðar gerð öryggis- og viðbragðsáætlana og samvinnu við viðeigandi viðbragðsaðila komi til atvika sem leitt geti af sér hættu fyrir fólk, eignir eða umhverfi. Jafnframt að viðeigandi viðbragðsaðilum sé kynnt starfsemin og fyrirhuguð magnaukning úrgangsolíu.

Brunavarnarsvið HMS gerir ekki athugasemdir við framlagða fyrirspurn á grundvelli þess að ekki sé um eðlisbreytingu á starfseminni þó um magnaukningu sé að ræða og telur ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfallst,
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Ingvar Gýgjar Sigurðarson
Sérfræðingur á Brunavarnasviði

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. júlí 2024
UST202406-095/R.S.
10.05.00

Efni: Ósk um umsögn - Tilkynning um framkvæmd - Móttaka úrgangsolíu í Örfirisey
Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 7. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Olíudreifing ehf. hefur undanfarin ár tekið á móti og hreinsað um 6.000 tonn af úrgangsolíu á ári. Þar sem að magnið hefur verið að aukast vill Olíudreifing auka umfangið í 9.000 tonn af óunninni úrgangsolíu til að geta mætt mögulegri áframhaldandi aukningu. Allur búnaður og hreinsun á úrgangsolíunni verður óbreytt.

Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar

Í tilkynningunni kemur fram að öllum úrgangi frá vinnslunni sé skilað til Sorpu í Álfnesi. Þá er undantöppun leidd í vaktaðar olíuskiljur áður en að það fer í fráveitukerfi Veitna og því telur Olíudreifing að umhverfisálag á vatn sé hverfandi. Þá kemur fram að gufur frá vinnslunni séu hverfandi og því sé losun í andrúmsloft hverfandi.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfseminni, en ekki hafa verið gerðar athugasemdir vegna vinnslu úrgangsolíunnar í eftirlitskýrslum. Í eftirlitskýrslum hefur komið fram að ekki hafi verið mikil lykt frá starfseminni þegar eftirlit hefur farið fram. Í eftirlitskýrslum kemur einnig fram að skynjarar í olíuskiljum séu prófaðir á þriggja mánaða fresti og olíuskiljur yfirfarnar og þrifnar eftir þörfum. Í ljósi þessa, og að eftir að fara í gegnum olíuskiljurnar fer undantappað vatn svo í fráveitukerfi Veitna áður en því er veitt í sjó, telur Umhverfisstofnun að litlar líkur séu á umhverfisáhrifum á vatn vegna framkvæmdarinnar.

Niðurstaða

Að teknu tilliti til ofangreinds telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að aukið umfang framkvæmdarinnar hafi í för með sér aukin umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri



Skipulagsstofnun
Laugavegur 166
105 REYKJAVÍK
Ísland

Ísafjörður, 8.7.2024
Tilvísun: 202406-0023/6.01.04

Varðandi
Móttöku úrgangsolíu í Örfirisey.

Vísað er til erindis Skipulagstofnunar dags 07.06.2024 þar sem óskað er eftir að Vinnueftirlitið gefi umsögn vegna móttöku úrgangsolíu í Örfirisey.

Mat Vinnueftirlitsins vegna fyrirhugaðrar aukningar á móttöku úrgangsolíu í Örfirisey er að það varðar ekki hlutverk Vinnueftirlitsins.
Leiðbeinandi álit Vinnueftirlitsins er að umfang starfseminnar og eðli efna sé þannig að umhverfishætta sé hverfandi.
Vinnueftirlitið hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemdir vegna málsins með tillit til laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Virðingarfyllst,
f.h. Vinnueftirlits ríkisins

Elfar Reynisson

Elfar Reynisson sérfræðingur

Afrit
Skipulagsstofnun: skipulag@skipulag.is, sigurdur.asbjornsson@skipulag.is

RE: Umsögn til Skipulagsstofnunnar

Til : gestur@odr.is <>
Frá : Svava Svanborg Steinarsdóttir <svava.s.steinarsdottir@reykjavik.is>
CC : Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>
Heiti : RE: Umsögn til Skipulagsstofnunnar
Málsnúmer : 202406049
Málsaðili : Olíudreifing ehf.
Skráð dags : 12.07.2024 09:18:18
Höfundur : Svava Svanborg Steinarsdóttir <svava.s.steinarsdottir@reykjavik.is>

Viðhengi [image006.jpg](#)
[image005.gif](#)
[image004.png](#)
[image003.png](#)

Sæll

Heilbrigðiseftirlitið fékk til umsagnar spurningu um mögulega matsskyldu þess að auka móttöku úrgangsolíu, við höfum engar upplýsingar um stöðu starfsleyfisvinnslu og komum ekki að því. Þegar farið er yfir slíkar spurningar förum við og athugum hvaða áskoranir/vandamál eru á svæðinu, hvers eðlis umhverfið er osfrv. Síðan er farið yfir þau gögn sem umsagnarbeïðninni fylgja. Í þessu tilviki fylgdu t.d. engar upplýsingar um stærð og gerð mengunarvarnarbúnaðar. Eins gerum við athugasemdir við það í öllum tilvikum þegar við fáum gögn sem eru það gömul að þau taka ekki mun af breyttum aðstæðum vegna loftslagsbreytinga, en nauðsynlegt er að styðjast við nýjustu gögn í því sambandi. Ástand lagnakerfisins í Örfirisey er ákveðinn áhættuþáttur sem þyrfti að skoða í sambandi við hækkandi sjávarstöðu og þarf að skoða í tengslum allan atvinnurekstur á svæðinu. Miðað við þau gögn sem við höfum í höndum töldum við okkur ekki geta svarað spurningu um matsskyldu með óyggjandi hætti. Hvað varðar olíumengun í dælustöðinni þá var rætt við starfsfólk á verkstæði við könnun Heilbrigðiseftirlitsins og Veitna. Leitin af uppruna olíunnar hefur legið niðri vegna álags hjá Veitum en verður tekin upp í haust og þá munum við hafa samband upp á að skoða aðstæður og brunna á svæði olíubirgðastöðvarinnar.

**Svava
Svanborg
Steinarsdóttir**

Verkefnastjóri í Vöktun



Sími: +354 411 1111

Heilbrigðiseftirlit
Reykjavíkur
Umhverfis- og
skipulagssvið
Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Reglur um trúnað í
tölvupóstsamskiptum:
www.reykjavik.is/trumadur

Frá: Gestur Guðjónsson

Sent: fimmtudagur, 11. júlí 2024 16:13

Til: Svava Svanborg Steinarsdóttir

Afrít: Sigurður Ásbjörnsson - SLS

Efni: Umsögn til Skipulagsstofnunnar

Sæl

Sá umsögn HER til Skipulagsstofnunar vegna aukinnar móttöku úrgangsolíu.

Er ekki rétt skilið hjá mér að þær athugasemdir og áhyggjur sem lýst er, snúa frekar að starfsleyfinu sem slíku, sem Umhverfisstofnun er með í vinnslu?

Aukið heildarmagn yfir árið eykur ekki hámarks heildarmagn í stöðinni á hverjum tíma, áfram verða notaðir sömu geymar og því er þörf á þróarrýmd ekki meiri

Aukið heildarmagn yfir árið eykur ekki flæði í gegnum olíuskiljur stöðvarinnar þótt meira magn færi í gegn yfir árið og krefst þar með ekki aukinna afkasta olíuskilja. Flaeðinu er stýrt með dælum. Reyndar hefur vatnsinnihald móttekinnar úrgangsolíu minnkað, sem í raun minnkar heildarmagn vatns sem leitt er í fráveitu. En hvað vatnsinnihaldið varðar er ekki á vísan að róa með það, við eignum erfitt með að stjórna vatnsinnihaldi úrgangsolíunnar sem berst til stöðvarinnar, þannig að það gæti alveg aukist aftur. Samt getum við tryggt eftir sem áður að flæði í gegnum olíuskiljur sé innan marka.

Sé grunur um að olía berist frá stöðinni myndum við endilega vilja fá að vita af því. Það á ekki að vera þannig. Hef ekki heyrt af þessu og myndi vilja vita meira. En þetta atriði snýr frekar að sjálfri stafslýfisvinnslunni fremur en aðlögun starfsleyfisins að auknu magni úrgangsolíu.

Öryggisskýrsla stöðvarinnar er unnin á grundvelli annarra laga og er á verksviði Vinnueftirlits ríkisins. Hefur það embætti ekki gert athugasemdir við skýrsluna í sínu eftirliti.

Áhyggjur af hækkun sjávar eiga klárlega heima í umfjöllun um sjálft starfsleyfið. Olíudreifing hefur gert greiningu á því og myndi t.d. Básendaflóð ekki hafa teljandi áhrif á stöðina sem slíka.



Oliudreifing

Bestu kveðjur / Best regards
Gestur Guðjónsson
Umhverfis og öryggisfulltrúi
Environmental and safety manager.
Oliudreifing ehf
Hólmaslóð 8-10
101 Reykjavík, Iceland
Sími / phone 5509943 – 8984712.
gestur@odr.is

